


**Viðbót við
stofnanasamning við Hagstofu Íslands sem gerður var þann 7. apríl 2006 og
byggir á grundvelli samkomulags fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM frá
28. febrúar 2005 og fjármálaráðherra og Stéttarfélags verkfræðinga frá 9. mars
2005 um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila**


Aðilar hafa komist að samkomulagi um að hækkun sú sem gert er ráð fyrir að stofnanir fái til hækkunar launakostnaðar frá 1. maí 2007 komi jafnt til allra starfsmanna. Hækkunin verður framkvæmd sem hér segir:


Laun félagsmanna í aðildarfélögum BHM verði færð upp um einn flokk en niður um eitt þrep. Þetta leiðir til þeirrar niðurstöðu að laun hækka um 2,6-2,7%. Tekið skal fram að við lækkun um þrep er ekki hróflað við starfsaldur- og menntunarprepum.


Viðbót þessi gildir frá 1. maí 2007.

Reykjavík, 6. júní 2007.


f.h. Hagstofu Íslands


f.h. Félags háskólamenntaðra starfsmanna
stjórnarráðsins


f.h. Félags íslenskra félagsvísindamanna


f.h. Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga